

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 4. mars 2015
UST201502-558/B.S.

Efni: Kynning á framkvæmd - Ofanflóðavarnir á Bíldudal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er annars vegar neðan Stekkjargils og hins vegar neðan svokallaðra Milligilja. Neðan Stekkjargils er fyrirhugað að byggja leiðigarða neðan aurkeilunnar sem munu leiða flóð um lækjarfarveg í gegnum bæinn. Neðan Milligilja er fyrirhugað að reisa leiðigarða innst og yst á svæðinu sem beina munu flóði í nokkurs konar trekt og þaðan um farveg til sjávar.

Efnispörf í garðana er áætluð 80.000-85.000 m³. Efnið verður tekið úr skeringum ofan garðanna. Hluti þessa efnis 5000-10.000 m³ nýtist til framkvæmda innan bæjar á Bíldudal.

Gróðurfar og fuglalíf Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er aðallega graslendi, mosagróður og skógrækt. Talið er að á svæðinu séu algengir fuglar s.s. skógarpröstur og þúfutittlingur. Talið er að framkvæmdin muni hafa tímabundið neikvæð áhrif á búsvæði þessara tegunda. Á framkvæmdasvæðinu er einnig talsvert af lúpínu. Lögð verður áhersla á að jarðvegur úr lúpínubreiðum verði ekki nýttur til frágangs á yfirborði raskaðra svæða því vegna mikils fræforða lúpínunnar í jarðvegi myndi hún fljótlega mynda nýjar lúpínubreiður.

Að framkvæmdum loknum er ráðgert að græða upp skeringar með fræi tegunda sem talið er að henti vel til uppgræðslu á slíkum svæðum. Ráðgert er að endurheima trjágróður þar sem honum verður raskað. Umhverfisstofnun telur að standa eigi þannig að gróðursetningu að trjágróðurinn muni með tímanum draga úr sýnileika mannvirkjanna.

Landslag Í greinargerð er landslagi ofan byggðar á Bíldudal lýst með eftirfarandi hætti: „Svæðið fyrir ofan byggðina einkennist af stórrí aurkeilu neðan Stekkjargils og smærri keilum neðan Milligiljanna. Skriðuhryggir og farvegir ofanflóða eru því einkennandi fyrir efri hluta framkvæmdasvæðisins. Neðar


er svæðið gróið graslendi, mosa og skógi. Lúpína er einnig áberandi neðan Stekkjargils. Víða eru hraukar og þvergarðar sem ýtt hefur verið upp í hliðinni til að verjast flóðum.“


Hæð garðann verður að meðaltali um 6 m yfir núverandi landhæð. Byggðar megin við garðana verður unnt að hafa fláa flata og draga þannig úr sýnileika mannvirkjanna.

Niðurstaða Hér er um að ræða mannvirki sem reist verða á svæði sem þegar hefur verið raskað með eldri ofanflóðavörnum auk þess sem trjágróður hefur verið gróðursettur og lúpínu sáð á hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Mannvirkin munu verða tiltölulega lág. Með góðri hönnun og landmótun er unnt að móta garðana þannig að þeir verða ekki mjög áberandi. Trjárækt neðan garðanna ætti með tímanum að draga enn frekar úr sýnileika mannvirkjanna. Hluti mannvirkjagerðarinnar verður að móta betur farvegi frá varnargörðum í gegnum byggðina til sjávar.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri